

Ár 2011, fimmtudaginn 14. apríl kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Njörður Sigurðsson í forföllum Róberts Hlöðverssonar og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Unnur Þormóðsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

#### Dagskrá:

##### 1. Fundargerðir

- 1.1 Bæjarráðs frá 17. mars og 7. apríl 2011.
- 1.2 Fræðslunefndar frá 11. apríl 2011.
- 1.3 Velferðarnefndar frá 23. mars 2011.
- 1.4 Kjörstjórnar frá 4., 8. og 9. apríl 2011.

##### 2. Drög að samstarfssamningi um sameiginlega félagsþjónustu í Hveragerði, Ölfusi, Uppsveitum Árnassýslu og Flóa ásamt lokaskýrslu starfshóps.

##### 3. Drög að erindisbréfi velferðarnefndar Bláskógabyggðar, Grímsness og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps, Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar.

##### 4. Orlof á fasta yfirvinnu.

##### 5. Fundargerðir til kynningar;

- 5.1. Bæjarstjórnar frá 10. mars 2011.

Hér var gengið til dagskrár

#### 1. Fundagerðir;

##### 1.1. Bæjarráðs frá 17. mars 2011.

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn staðfestir eftirtalda liði í fundargerð bæjarráðs: 1.5 / 2.1

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

##### Bæjarráðs frá 7. apríl 2011.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Guðmundur Þór Guðjónsson, Njörður Sigurðsson og Ninna Sif Svavarsdóttir.

Vegna liðar 2.1. samkomulag við Brunavarnir Árnassýslu lagði meirihlutinn fram eftirfarandi tillögu:

---

Bæjarstjórn staðfestir ákvörðun bæjarráðs vegna samkomulags við Brunavarnir Árnassýslu þar sem slökkvilið Hveragerðis mun sinna útköllum í vesturhluta Árnassýslu til 15. júlí 2011 með sama hætti og verið hefur.

Ennfremur samþykkir bæjarstjórn að forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra verði falið að hefja nú þegar viðræður við Brunavarnir Árnassýslu um mögulega inngöngu Hvergerðinga í byggðasamlagið. Er tillaga þessi borin upp að höfðu samráði við brunaverði Hveragerðisbæjar sem á fundi með bæjarstjórn lýstu sig hlynnta þessari hugmynd.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Liður 2.2 afgreiddur sérstaklega.

Fulltrúar A-listans lögðu fram eftirfarandi tillögu.

Bæjarfulltrúar A – listans taka undir bókun Róberts Hlöðverssonar í bæjarráði og leggja til að undirskrift samnings um kaup á tjalddúk fyrir loftborið íþróttahús verði frestað þar til staðan í efnahagsmálum skýrist eða að alfarið verði horfið frá þessum kaupum. Hugað verði að hagstæðari lausn fyrir íþróttastaði Hvergerðinga með því að íslenskum byggingaraðilum verði falið að byggja alvöru íþróttahús fyrir Hvergerðinga.

Greinargerð:

Þegar ganga átti frá umræddum samningi kom í ljós að viðskiptabanki söluaðilans neitar að samþykkja bankaábyrgð frá viðskiptabanka Hveragerðisbæjar. Krafist er að allt andvirði dúksins um 110 mkr. verði lagt inná lokaðan reikning í norska bankanum og síðan greitt út í tveim greiðslum í júlí-ágúst á næsta ári. Þetta þýðir að taka þarf íslenskt lán með þeim vaxtakjörum sem hér gilda og geyma fjárhæðina á norskum bankareikningi á mun lægri vöxtum í um 18 mánuði. Það kemur því í hlut Hvergerðinga að greiða þennan vaxtamun og taka á sig aukinn kostnað vegna þessa verkefnis. Bæjarfulltrúar A-listans telja viðskiptaþvinganir af þessu tagi með öllu óásættanlegar.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Njörður Sigurðsson

Kl. 17:13 var gert fundarhlé.

Kl. 17:26 hélt fundur áfram.

Tillaga A-listans borin upp og felld með atkvæðum meirihlutans. Minnihlutinn með.

Fulltrúa meirihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Þeim tilmælum hefur ítrekað verið beint til minnihlutans að sýnt verði fram á hvernig hægt sé að byggja sambærilegt 5000 m<sup>2</sup> íþróttahús með hagstæðari hætti en hér er lagt til. Það hefur ekki verið gert.

Í bókun minnihlutans gætir ákveðins misskilnings um fjármögnun á Hamarshöllinni þar sem fullyrt er að greiða þurfi vexti af láninu sem tekið er til að fjármagna höllina í átján mánuði áður en hún rís. Hið rétta er að kaupverðið er að fullu greitt inná lokaðan reikning í Noregi þann 15. janúar 2012 en höllin verður afhent og reist sumarið 2012. Um engar lántökur vegna þessa verður að ræða árið 2011.

Eyþór H. Ólafsson

Unnur Þormóðsdóttir

Guðmundur Þór Guðjónsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Ninna Sif Svavarsdóttir.

Liður 2.2. borinn upp og samþykktur með 5 atkvæðum meirihlutans. Minnihlutinn á móti.

Bæjarstjórn staðfestir eftirtalda liði í fundargerð bæjarráðs: 1.5 / 1.6 / 2.3 / 3.1 / 3.2 / 4  
Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

**1.2. Fræðslunefndar frá 11. apríl 2011.**

Eftirtaldir tóku til máls: Guðmundur Þór Guðjónsson, Ninna Sif Svavarsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Njörður Sigurðsson og Unnur Þormóðsdóttir.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**1.3. Velferðarnefndar frá 23. mars 2011.**

Enginn tók til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**1.4. Kjörstjórnar frá 4., 8. og 9. apríl 2011.**

Enginn tók til máls:

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

**2. Drög að samstarfssamningi um sameiginlega félagsþjónustu í Hveragerði, Ölfusi, Uppsveitum Árnessýslu og Flóa ásamt lokaskýrslu vinnuhóps.**

Lögð fram drög af samstarfssamningi um sameiginlega félagsþjónustu í Hveragerði, Ölfusi, Uppsveitum Árnessýslu og Flóa. Einnig lögð fram lokaskýrsla vinnuhóps um sameiginlega félagsþjónustu.

Eftirtaldir tóku til máls: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Njörður Sigurðsson, Guðmundur Þór Guðjónsson og Ninna Sif Svavarsdóttir.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkir fyrirbyggjandi samstarfssamning sveitarfélaganna sem hér um ræðir um sameiginlega félagsþjónustu. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn að fela bæjarstjóra að ganga frá uppsögnum og starfslokum núverandi félagsmálastjóra fyrir 1. maí 2011, en uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir.

Bæjarstjórn samþykkir að skipa Aldísi Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra, í stjórn félagsþjónustunnar (NOS). Bæjarstjóra er jafnframt falið að undirrita samninginn fyrir hönd Hveragerðisbæjar.

**3. Drög að erindisbréfi velferðarnefndar Grímsness og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss.**

Lögð fram drög að erindisbréfi velferðarnefndar samstarfssveitarfélaga um félagsþjónustu.

Eftirtaldir tóku til máls: Eypór H. Ólafsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Unnur Þormóðsdóttir.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi erindisbréf velferðarnefndar samkvæmt 4. gr. samstarfssamningsins.

**4. Orlof á fasta yfirvinnu.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna erindis frá Sigurlínu Hreinsdóttur áður á dagskrá bæjarráðs þann 3. febrúar 2011 þar sem hún krefst orlofs á fasta yfirvinnu.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir, Njörður Sigurðsson, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Eypór H. Ólafsson og Ninna Sif Svavarsdóttir.

Eftirfarandi tillaga var borin upp af forseta:

Bæjarstjórn samþykkir að greiða, sem svarar orlofi á fasta yfirvinnu til Sigurlínu Hreinsdóttur, fjögur ár aftur í tímann frá dagsetningu bréfs hennar að telja, ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga hverrar yfirvinnugreiðslu skv. III kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Auk Sigurlínu hafa Arnfríður Þráinsdóttir og Ragnar Sigurbjörnsson komið fram með munnlegt erindi (mars 2011) sama efnis og samþykkir bæjarstjórn að afgreiðsla erinda þessara tveggja starfsmanna verði á sama veg og gildir um mál Sigurlínu. Heildargreiðsla til þessara þriggja starfsmanna með dráttarvöxtum nemur um 2,1 mkr. Umræddir starfsmenn hafa allir látið af störfum hjá Hveragerðisbæ. Verður þessum útgjöldum mætt við endurskoðun fjárhagsáætlunar. Bæjarstjóra falið að ræða við þá ellefu starfsmenn bæjarins sem sömu kjara njóta með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu.

Greinargerð:

Í minnisblaði bæjarstjóra er farið yfir forsögu málsins en sú vinnuregla hefur verið viðhöfð hjá Hveragerðisbæ að starfsmenn sem fengið hafa fasta yfirvinnu greidda hafa ekki fengið greitt orlof á yfirvinnuna heldur hafa þeir fengið föstu yfirvinnuna greidda í sumarfrí í staðinn. Í

Ijósi þess að vinnureglan hefur nú verið véfengd hefur bæjarstjóri að undanfögnu kannað réttarstöðu Hveragerðisbæjar í málinu. Sú staðreynd liggur fyrir að a.m.k. tveimur hliðstæðum málum hefur verið vísað til hæstaréttar eftir niðurstöðu héraðsdóms og féllu bæði málin á sama veg. Annars vegar er um að ræða mál nr 473/1999, Hafnarfjarðarkaupstaður gegn Árna Guðmundssyni og hins vegar mál nr. 411/2003, Sveitarfélagið Skagafjörður gegn Snorra Birni Sigurðssyni. Voru sveitarfélögin í báðum tilfellum dæmd til að greiða orlof á fasta yfirvinnu þrátt fyrir að föst yfirvinna væri greidd í sumarfríi starfsmannanna. Rök um tómlæti starfsmanna voru ekki tekin gild hvorki fyrir héraðsdómi né fyrir hæstarétti.

Eftir samtöl við lögmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga og könnun framangreindra dómafordæma ásamt öðrum hliðstæðum þá er ljóst að dómstólaleiðin er ekki vænleg til árangurs.

Kl. 17:56 var gert fundarhlé.

Kl. 18:09 hélt fundur áfram.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Fulltrúa minnihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Bæjarfulltrúar A-listans benda á að stærsti hluti starfsmanna Hveragerðisbæjar fær ekki fasta yfirvinnu ofan á sín laun og þarf jafnvel að taka út í fríi þá yfirvinnu sem þeir þurfa að vinna. Eðlilegt er að sömu kjör gildi fyrir alla starfsmenn bæjarins.

## 5. Fundargerðir til kynningar.

### 5.1. Bæjarstjórnar frá 10. mars 2011.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:39

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign).

Aldís Hafsteindóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign)

Eyþór H. Ólafsson, (sign).

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign).

Ninna Sif Svavarsdóttir (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign).